

1/2 '76

Garðar Jónsson.

STARFSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ

1975

Suðurlandsumdæmi.

1. Veðurfar ársins.

Veturinn frá áramótum var frekar hagstæður. Framan af vetri var töluverður snjór á jörðu í uppsveitum, en er líða tók á vetur fór að ganga á klaka sem í jörð kom, og um miðjan apríl var hægt að taka hnausplöntur í Þjórsárdal. Maí og júní voru þurrir og nokkuð kaldir. Um mánaðarmótin gerði nokkurt frost á nóttum, en gott vinnuveður á daginn. Júlí, ágúst og september fremur kaldir og dumbungslegir, svo varla er hægt að segja að séð hafi til sólar þessa mánuði. Haustið til áramóta var einnig úrkomusamt og kalt. Þegar á árið er litið sem heild, var það óhagstætt nema að því leiti að ekki var klaki í jörð í vor er vorverk hófust.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

A Laufgun og lauffall

Laufgun tel ég að hafi verið lo júní, þó voru tré og runnar í skjólgóðum gördum laufgað fyrr. Lauffall tel ég hafi verið 20 september.

B Ársvöxtur

Ársvöxtur var eftir veðráttunni, frekar lélegur. Þó verður að telja Stafafuru undantekningu. Vöxtur hennar virtist ekki vera teljandi minni en undanfarið, ef litið er á stærri gróðursetningar. Á sitkagreni í Selhöfðum var ársvöxtur mun minni en síðastliðin 3 ár.

C Skaðar á trjágróðri.

Birkimaður var nokkur í sumar, en ekki svipað eins mikið og sumarið 1974. Nokkuð bar á "mekanískum skaða" á sitkagreni í austurhlíðum Selhöfðanna í Þjórsárdal. Á þetta aðeins við tré sem stóðu í skógarkantinum og höfðu lítið skjól af birki. Þar hafði fokvikur skafið töluvert af nálum af þeirri hlið er til norð austurs snéri.

Við yfirferð í Haukadal í vor bar mjög mikið á að Stafafura væri vindsviðin á norð- austur hlið. Bar mest á þessu í plógstrengjunum. Við skoðun seinni part sumars virtist sviðinn að mestu horfinn.

D Fræfall

Eftir slæmt sumar var mjög lítið birkifræ hér á Suðurlandi í haust og engu safnað. Sama er að segja um aðrar trjátegundir.

3.

Starfsfólk á árinu 1975.

<u>j</u>	<u>f</u>	<u>m</u>	<u>a</u>	<u>m</u>	<u>j</u>	<u>j</u>	<u>a</u>	<u>s</u>	<u>o</u>	<u>n</u>	<u>d</u>	
1	1	1	2	5	11	11	10	3	4	8	1	Karlar
					2	2	2		3			Konur

Launagreiðslur til þessa starfsfólks voru á árinu 1975 sem hér segir:

	1975	1974
Laun	2.085.706	2.374.500
Sparimerki	147.282	204.554
orlofsgreiðslur	143.308	96.735

Matreiðsludagar ráðskonu urðu 61 (77) og fæðisdagar alls 636 (435).

Matarkaupakostnaður varð kr	305.090	(154.020)
Kaup ráðskonu	<u>199.375</u>	
Samtals kostn. v. matreiðslu	504.465	

Kostnaður pr fæðisdag/mann	504.465	
	<hr/>	= kr 793,15
	636	

Tryggingarskyldar vinnustundir urðu 5.542 (5.264) og hjá vikukaupsfólki 12 vikur (72).

Á mánuði skiptast kaupgreiðslur þannig:

	1975	1974
Janúar - Maí	191.167	338.083
júní	496.946	443.173
júlí	792.880	512.256
ágúst	334.991	479.414
september	69.433	373148
okt. - des.	200.889	

Yfirleitt voru unnar 40 dagvinnu og 10 eftirvinnustundir pr. viku. Umsjón útivistarsvæðis í Þjórsárdal var þannig háttað, að vinnuflokkurinn skipti á sig helgum, þannig að hver maður dvaldi í dalnum eina helgi. Auk þess var nokkrum sl
nnum hreinsað í miðri viku. Kostnaður 116.772,00

4. Girðingar.

A Nýjar Girðingar.

Í Skarfanesi var í sumar byrjað á nýrri girðingu. Girðir hún að mestu allt gróið land Skarfaness. Girt var úr Þjórsá að norðan, austan við gróðurtorfurnar og niður að Ósgröf, þar sem girðingin tengist gömlu girðingunni á suðurkanti Skarfanesslands. Meiningin er að endurnýja þá girðingu að mestu innan skamms.

Nýja girðingin er 4,5 km að lengd, og það sem á vantar að ný girðing umlyki Skarfanestorfurnar eru 1,6 km. Launakostnaður varð 233.274,00.

B Viðhald girðinga.

Reykjahjáleiga. Gert var við 7 og 8 apríl. Aðal verkið var að setja í skurði sem grafnir höfðu verið haustið áður, svo og að lagfæra hlið sem hafa verið sett á girðinguna af ýmsum aðilum.

Haukadalur. Greipur Sigurðsson sá um viðhaldið eins og venjulega. Aðeins var hugsað um viðhald á suðurkaflanum frá Tungufljóti upp að Skotmannsvörðu, þar sem Landgræðsluhólfið á Haukadalsheiði er látið girða að norðan og austan. Slangur af fé var þó í girðingunni í haust, en þó varla til skaða, þar sem fé sést þar ekki fyrr en undir haustið.

Þjórsárdalur. Flokkur undir stjórn Hauks Garðarssonar sá um allt viðhald í Þjórsárdal eins og undanfarin 2 ár. Ekki er áseða til að halda að það verk hafi verið ver unnið í ár en endranær, þótt óverju mikið hafi verið af fé í dalnum er kom fram yfir mitt sumar. Óvenju miklar sunnanáttir, ásamt miklum rigningum valda því, að sögn fróðra manna, að fé leitar mjög af afréttinum.

Girðingin í Hólaskógi, svo gömul sem hún nú er orðin, þoldi hreinlega ekki álagið og sprakk undan þunganum. Mikill tími fór því í smalamennskur. Mun leitast við að vanda viðhaldið á þessum kafla á vori komanda.

Kaflinn frá Selsandi og niður að Sandá er orðinn ansi hrörlegur á kóflum, svo ekki verður því frestað öllu lengur að bæta hann að miklu leyti,

Laugarvatn. Með Laugarvatnsgirðingu var farið lo júní. Fátt var athugavert við nýju girðinguna, nema þar sem hún liggur upp úr Stóragili að austanverðu. Þar hafði brotnað töluvert af renglum, vegna snjóþyngsla. Austurkafla girðingarinnar, neðan kletta sem ekki var endurnýjaður 1974 vegna tímaskorts er mjög lélegur og verður að girða hann upp á nýtt næsta sumar. Mun það vera upp undir 2 km á lengd, og að hluta á mjög erfiðu landi, þar sem þarf að girða á klöpp.

Þórsmörk. Til viðgerða var farið 9 júní. Övenju vel var vandað til viðgerða að þessu sinni.

Braut var löggð inn allar Svínatungur og auðveldar það geysilega allt viðhald. Þá var endurgirtur kaflinn í Mógili, en þar hefur verið opið í nokkur ár. Efnið í kaflann var keyrt á traktor inn eftir Þróngáraurnum og síðan borið síðasta kaflann. Mógilsbúturinn er um 250 m.

Þá var og smalað og kom út töluvert af fé. Tveir menn voru hafðir í eina viku í Mörkinni og gerðu þeir ekkert annað en að stugga fé úr girðingunni og varð vel ágengt, því út fóru um 300 stýkki.

Þá var farið í Þórsmörk 7 - 8 ágúst til að smala og rákum við þá út 260 stýkki og var þó mikið eftir.

Ekki er einhlítt hversu mikið fé er í Mörkinni þrátt fyrir öflugar girðingar og er ekki grunlaust um að opið sé á Goðalandinu sunnan Hvannárgljúfurs, í Merkurtungum, og jafnvel einnig innan við Mógil. Er það ókannað mál og þyrfti að gerast í vor.

Gróðursetningar Skógræktar Ríkisins 1975.

Þjórsárdalur.

Sitkagreni Hómer	3/2 m	T	B 712	6.368
Sitkagreni Cordova	2/4	T	B 713	2.200
Sitkagreni Cordova	2/3 k	T	B 747	200
Stafafura Skagway	2/1 m	T	B 816	4.575
Lindifura Irkutsk	3/3 k	H	B685	1.000
Lindifura Irkutsk	3/3 k	H	B 722	1.000
Rauðgreni Trysil	2/4	H	B 699	6.500
Rauðgreni Vang Löten	2/1 m	T	B 701	3.575
Rauðgreni Trysil	2/3	H	B 699	6.000
Rauðgreni Levanger	2/3	T	B 704	1350
Síb.Lerki Altaí	2/1 m	T	B 736	1.125
Síb.Lerki Úral	2/0 m	T	B 836	3.800
Brodd/Blá Sapinero	3/3 k	T	B 346	500
				38.193

Skarfanés.

Stafafura Skagway	2/1 m	T	B 816	5.000
Stafafura Skagway	2/1 m	T	B 782	1.600
				6.600

Reykjahjáleiga.

Sitkagreni Hómer	3/2 m	T	B 712	200 ✓
Stafafura Skagway	2/1 m	T	B 816	600 ✓
				800

Skriðufell.

Alaskaösp		T		15
Viðja		T		50
				75

Geysir. (Þórir Sigurðsson)

Viðja		T		150
				150
				45.818

Gróðursetningar Skógræktarfélags Arnesinga 1975.

Snæfoksstaðir.

Stafafura	Skagway	2/2m	B 782	T	885	8150	
do					1.200	8102	
do					795	6907	
Bergfura	Cardange	2/2	B 736	F	2.500	6950	
do					2.450	7006	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	4.800	8102	
do					4.200	6plantað	16.830

Sumarbústaðalönd Snæfoksstöðum.

Sitkagr.	Hómer	3/2m	B 712	T	25	O. Sveinbj.	
Bergfura	Cardange	2/2	736	F	50	G. Jóns.	
Birki	Hall	1/1m	B 810	V	110	Veidihús.	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	300	Sig. Ingi.	
do					60	O. Sveinbj.	545

Glymskógagirðing K.Á.

Sitkagr.	Hómer	3/2m	B 712	T	450		
Stafafura	Skagway	2/2m	B 782	T	1.120		1.570

Hrunamenn.

Lerki	Úral	1/1m	B 836	T	1.300		
Sitkagr.	Hómer	3/2m	B 712	T	320		
do					100	Birtingah.	
Sitkagr.	Cordova	2/3	B 747	T	2.000		
Birki	Hall.	1/1m	B 810	V	2.000		
do					220	Ásatún	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	1.300		
do					160	Ásatún	7.400

Villingaholtsdeild.

Sitkagr.	Hómer	3/2m	B 712	T	200	Kolsholt	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	200	do	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	60	Pingdalur	460

Hraungerðisdeild.

Sitkagr.	Homer	3/2m	B 712	T	300	L.Ármót	
do					200	Miklaholtsh.	
do					200	Ölversholt	
Sib.Lerki	Ural	1/1m	B 836	T	300	do	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	230	do	
do					200	Miklaholtsh	
do					300	L.Ármót.	1.730

Skeiðamenn

Sitkagreni	Hómer	3/2m	B 712	T	100	Húrstóftir	
do					200	Vorsabær	
do					100	UMF	
Birki	Hall.	1/1m	B 810	V	500	UMF	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	60	Húsaþóftir	
do					200	Vorsabær	
do					20	UMF	
							1.180

Grímsnesingar.

Sitkagreni	Homer	3/2m	B 712	T	200	Eyvík	
Birki	Hall	1/1m	B 810	V	200	do	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	100	do	
							400

Gnúpverjar.

Sitkagreni	Homer	3/2m	B 712	T	200	Hæli	
do					50	Prándarl.	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	200	Hæli	
do					50	Prándarl.	
							500

Biskupsstungul.

Sitkagreni	Homer	3/2m	B 712	T	60	Laugarás	
Stafafura	Skagway	2/1m	B 816	T	20	do	80

Ölfusingar.

Sitkagreni	Hómer	3/2 m	B 712	T	82o	Alfaborgir
do					2o	Nethamrar
Stafafura	Skagway	2/1 m	B 816	T	2o	do
do					14o	Alfaborgir.
						2.000

Hvergerðingar.

Sitkagreni	Hómer	3/2 m	B 712	T	45o	
Birki	Hall	2/o m	B 81o	V	75o	
Elri	Swiss		E 8o7	T	5o	
Birki	Hall	1/1 m	B 81o	V	55o	
Stafafura	Skagway	2/1 m	B 816	T	1oo	1.9oo

Selfyssingar.

Birki	Hall	1/1 m	B 81o	V	538	Ymsir
Stafafura	Skagway	2/1 m	B 816	T	36o	Rauðholt
Lerki	Úral	2/o m	B 836	T	3oo	do
						1.198

Gulverjar.

Sitkagreni	Hómer	3/2 m	B 712	T	5o	
Birki	Hall	1/1 m	B 81o	V	5o	
Stafafura	Skagway	2/1 m	B 816	T	5o	
						15o

Sandvíkurdeild.

Birki	Hall	1/1 m	B 81o	V	3oo	
Stafafura	Skagway	2/1 m	B 816	T	3oo	
						6oo

Einstaklingar .

Birki	Hall	1/1 m	B 81o	V	2,932	
Stafafura	Skagway	2/1 m	B 816	T	2,275 6oo	
						<u>3.532</u>
						4o,125

6. Hirðing.

A Hreinsun.

Í Pjórsárdal var sagaður teinungur í stóru svæði í austurhlíðum Skríðufells. Reitur 3113, 3116, 3117, 3118 og 3119. Þá var og sagað í rauðgrenireit 3121 og plantað þar sitkagreni inní. Í gegnum þann reit var einnig söguð braut, til hagræðingar vegna jólatrjáatölu.

Rauðgrenireitur 3317 frá 1959 var hreinsaður og borið þar á.

Hluti af rauðgrenireit 3320 var hreinsaður og í hann plantað Lerki (Ural).

Í jólatrésgróðursetningunni í Lambahöfða var sagað frá í reitum 2913, 2914, og 2915 og síðan plantað þar rauðgreni inní.

Þá var hreinsað í rauðgrenireit 2036 í Hvammsárdal.

Í Skarfanesi var sagað frá í Stafafatureit frá 1965 (R 1225) þar sem eru kvæmin Alberta, Wansa Lake og Skagway. Byrjað var austast en ekki vannst tími til að klára reitinn.

B Áburðargjöf.

Borið var á rauðgrenireit 3317 frá 1959. Er þetta Ranakvæmi sem á mjög ef fitt uppdráttar. Meðalhæðin eftir 16 ár er ekki yfir einn metra, og er vonandi að eitthvað rætist úr fyrir þessum trjám við þessa aðgerð.

C Grisjun.

Grisjað var að miklu leyti um leið og plöntun fór fram, og tafði það plöntunina nokkuð. Þannig var með reiti 1937 í hlíðum Ásólfstaðafjalls og 2246 og 2248 austan Hvammsár við Fagurhólsgil og reit 2210 í Klofási, skammt frá viðlegubústöðunum.

Þá var grisjað í Miðtorfu í hlíðum Ásólfstaðafjalls ca 2 ha og er þar óplantað ennþá. Samanlögð grisjun 1975 varð ca 5 ha.

Grisjun eldri gróðursætninga

Í desember var farið í Skarfanæs og grísjáður vesturhluti Stafafurureits frá 1959. Eru tré í þessum reit að verða ákaflega falleg og meðalhæð gæti ég trúað að væri um 3 metrar. Einstaka tré allt upp í 5 metra. Felld tré voru notuð í jólatré og greinar, svo og í eldivið. Fell voru ca 30 tré. (R 1425)

7. Vegagerð

Í Þjórsárdal var haldið áfram með brautina í hlíðum Ásólfstaðafjalls, (Torfubraut) og er hún nú kominn eins langt inneftir og farið verður. Var brautin lengd um 500 metra. Meiningin er síðan sú, að leggja brautir út frá Torfubrautinni hærra upp í hlíðarnar.

Þá var vegurinn inn með Þrengsla læknumm í Selhöfðum lagfærður með handáfli, en þar hafið hlaupið fram skriðab

Í Þórsmörk var ýta fengin til að ryðja braut úr Tindfjallagili upp allar Svínatungur og austur að Rjúpnagilsbrún.

Ristarhlið var sett niður á Þórsmörkurveg undir Álfakirkju og kastað að öllu leyti af Vegagerðinni.

8. Ýmislegt.

A Jólatré.

18 - 19 október var farið við tíunda mann upp í Þjórsárdal til að höggva jólatré sem höfðu verið merkt nokkru áður. Voru höggvin 950 tré, all tekið úr Lamba-höfðanum, auk fáeinna sem voru tekin í R 3320 í Selhófdum. Allt voru þetta tré í stærðarflokkunum 0.70 - 1,50 m. Rétt fyrir jól voru svo höggvin 10 stór tré (4 m) úr elstu gróðursetningunni frá 1949 (R 3321)

Hnausplöntur af Stafafuru Skagway og Sitkagreni Hómer voru teknar í Hvammsárdal. Haukur Ragnarsson fékk 500 stykki af ~~Sitkagreni~~ Sitkagreni í Skjólbelti á Suðurlandi. Auk þess voru seldar plöntur til Reykjavíkur og á Suðurlandi samtals um 200 stykki.

Í Skarfanesi voru höggvin 3 stór rauðgreni 4 -5 m, úr gróðursetningu frá 1952, tekin í Innri Grænulág. Þá var einnig grisjað úr hluta stafafurureits 1425 og notað sem jólatré og greinar.

B Ferðafólk

Heldur minna var um ferðafólk í Þjórsárdal enn árið á undan og á rigningin sök á því. Umsjónarmaður var í Þjórsárdal um helgar og umgengni þarafleiðandi ágæt. Bætt var við tveimur kömrum á tjaldsvæðið við Hvammsá. Eru þeir með "Náttúruverndarráðs-sniði" og reyndust vel í hvívetna og óspart notaðir.

Í Þórsmörk var umsjónarmaður og umgengni sémileg. Ruslabrennsluofnar voru settir upp bæði í Þjórsárdal og í Þórsmörk, en reyndust illa. Mjög tímafrekt var að brenna ruslinu og logaði heldur illa í þeim, nema þegar hávaða rok var, því þá fyrst fékkst nægur trekkur. Litlar líkur eru á því að þeir verði notaðir áfram.

Fundahöld og ferðir.

17 - 21 febrúar sat ég árlegan fund skógræktarstjóra og starfsmanna Skógræktar ríkisins í Reykjavík, þar sem rædd voru mál er til framfara horfa fyrir stofnunina, sömuleiðis var gerð fjárhags og starfsáætlun fyrir árið 1975.

Aðalfund og stjórnarfundir hjá Skógræktarfélagum í undæminu sat ég marga og þá sérstaklega hjá Skógræktarfélagi Árnesinga. Á aðalfund Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var að Bifröst í Borgarfirði dagana 22 -24 ágúst.

Yfir sumarið ~~xx~~ margar ferðir í skóglendi Skógræktarríkisins og skógræktarfélaganna.

Selfossi 31/12 1975.


Garðar Jónsson

Verkfæratalning pr 31/12 1975. Suðurlandsumdæmi.

1. X 139. Land Rover, torfærubifreið. árg. 1974.
2. L 233. Tanes Trader, vörubifreið. árg. 1963
1. Jarðýta T.D. 6 Gömul.
2. Jeppakerrur. (Sú nýrri smíðuð 1975)
2. Kjarrsagir Husqvarna keyptar 1975
1. Kjarrsög JoBu keypt 1973
4. Kjarrsagir JoBu ónothæfar (í varahluti)
Auk ~~þess~~ kjarrsagana, varahlutir í þær svo og öryggis-
tæki, s.s. heyrnarhlífur og andlitshlífur.
3. Sagarblöð í kjarrsagir (karbit)
7. do do (venjul).
1. Öxi (lítill)
12. Sniðlar. (Auk þessa fékk Danél 3 stykki vorið 1975).
19. Bjúgskóflur.
19. Plöntupokar.
6. Plöntuhakar.
- 8, Skógarklippur (Stórar)
7. Skógarklippur (Litlar) Talið að Skf. Arn eigi eitthvað
af klippum þessum.
2. Skógarklippur (Djöflakjaftar)
5. Stunguskóflur.
2. Malarskóflur.
2. Járnkárlar
5. Sleggjur.
2. Keðjustrekkjarar. (Yale)
- 5, Handstrekkjarar (Þar af ein hjá Bjarna í Þykkvabæ Landbr.)
- 3, Hamrar.
- 2 Naglbýtar. 1. gasofn.
3. Bogasagir 1. Bakpoki.
3. Hrífur 1. Toppaklippur
1. Sáningarkanna. 2. Áburðardreifingarar.
1. Hvísl. 1. Hjólhýsi (4.manna)
2. Vatnsbrúsar. 1. Traktor, Ferguson (gamall)
5. Benzinbrúsar. 20l. 1. Keðjusög, Mc Culloc. (1974)
3. Lampar á gaskúta. Kontoráhöld. 2 reiknivélar, 1 vasa-
tölva, 2 skrifborð, 1 skjalaskápur.
2. Gaskútar 2 kg. Matar og eldunaráhöld í Þjórsárdal
2. Eldunarhausar (gas) fyrir 10 manns.
3. Gastnegi.